

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

29. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 1. NÓVEMBER 2013.

Mæting:

Sighvatur D Sighvatz, Finnur Víkingsson, Svanborg Hilmarsdóttir, Davíð Sigmundsson, Eyjólfur Ólafsson, Andri Jóhannesson, Einar Ág Kristinsson, Kristján Þ Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Hafliði Sívertsen, Ómar Baldursson, Haraldur J Arnbjörnsson, Grétar Guðmundsson, Birna Dögg Granz, Eva Katrín Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Júlía B Þórðardóttir.

Forföll boðuðu: Bára Halldórsdóttir, Helgi Jónsson, Jón Ingi Skúlason,

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Kjarasamningar
3. Trúnaðarráðstefnan
4. Orlofshús
5. Sambandsstjórnarfundur 2014
6. Lífeyrisnefnd ASÍ
7. RSÍ-UNG – tilnefningar í stjórn
8. Styrktarsjóðsmál
9. Menntaráðstefna rafiðnaðarins
10. Uppsagnir hjá ISAL
11. Fréttavefur RSÍ – Kostnaðaráætlun
12. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Kjarasamningar.

Kristján fór yfir gang viðræðna um kjarasamninga og sagði að frekar lítið hefði gengið enn sem komið er en næsti fundur verður væntanleg í komandi viku.

Lögð fram til kynningar skýrsla heildarsamtaka vinnumarkaðarins sem út kom nú í október. Í skýrslunni eru mjög áhugaverðar og gagnlegar upplýsingar um launaþróun frá 2006 til 2013. Ef skoðaðar eru töflur sem stillt er upp í skýrslunni má sjá að tekin hafa verið skref í rétta átt. Í seinni hluta skýrslunnar er fjallað um efnahagsumhverfi kjarasamninga. Kristján lagði til að Ólafur Darri yrði fenginn til að taka saman helstu niðurstöður skýrslunnar og kynna á komandi trúnaðarmannaráðstefnu þar sem ljóst er að þær nýtast vel í komandi samningagerð.

Lagt fram minnisblað vegna undirbúnings kjarasamninga 2013. Þar er samantekt krafna á atvinnurekendur sem eru sameiginlegar með öðrum félögum innan ASÍ. Þar er að finna mörg praktísk atriði sem hafa ber í huga við gerð samninga. Skipa á vinnuhópa til að vinna nánar að þessum málum.

Hópur 1: Dagný Ósk Aradóttir Pind

Hópur 2: Ísleifur Tómasson og Dagný Ósk Aradótti Pind

Hópur 3: Dagný Ósk Aradótti Pind og Ísleifur Tómasson

Hópur 4: Samninganefnd ASÍ

Hópur 5: Ísleifur Tómasson

Hópur 6: Samninganefnd ASÍ

Lagt fram yfirlit um þau efnisatriði sem aðilar vinnumarkaðarins telja mestu skipta í aðkomu ríkisstjórnar að vinnu við gerð kjarasamninga.

Lögð fram viðræðuáætlun vegna sameiginlegra krafna aðildarsamtaka ASÍ við endurnýjun kjarasamninga við SA 2013. Samþykkt að fara í þessar viðræður með ASÍ í þeim málum sem eru sameiginleg, en ekki að því er lítur að launaliðnum.

Hagspá hagdeildar ASÍ skoðuð. Samkvæmt henni er ekki ástæða til mikillar bjartsýni hvað varðar hagvöxt fyrir næstu ár.

Fram kom í umræðum um kjaramál að kalla þarf eftir fundum fyrir aðra hópa innan sambandsins en þá sem eru á almenna samningnum. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög haldi að sér höndum með verðskrárhækkanir ef von á að vera, að ná fram einhverri sátt um stöðugleika.

3. Trúnaðarmannaráðstefna.

Ráðstefnan verður haldin dagana 7. og 8. nóvember á Selfossi.

Rætt var um skipulag hópastarfs. Samþykkt að leggja áherslu á kjarasamninga og fella út erindi um Stafi lífeyrissjóð sem gert var ráð fyrir í drögum að dagskrá.

Lögð fram áætlun yfir styrki fyrir árið 2014. Gjaldkeri fór yfir áætlunina og fram kom að gert er ráð fyrir 4% hækkun á styrkgreiðslum milli ára.

Lögð fram rekstraráætlun 2014. Gjaldkeri fór yfir og skýrði út hvað lagt er til grundvallar við gerð áætlunar.

4. Orlofshús.

Kvartað hefur verið yfir að íbúðin sem RSÍ er með til útleigu í Kaupmannahöfn sé í frekar slæmu ástandi. Leigan á henni rennur út í desember á þessu ári. Ákveðið að skoða hvort ástæða er til að athuga með aðra íbúð, en fram kom að hugsanlega væri hægt fá leigða aftur íbúð sem RSÍ var með í leigu á undan þessari. Einnig hafa komið ábendingar um orlofshús á Sjálandi norðan Kaupmannahafnar. Samþykkt að starfsmenn skrifstofu afli frekari upplýsinga um þessi mál og leggi fram til afgreiðslu á næsta fundi miðstjórnar.

Sigurður greindi frá því að vegurinn niður að Skógarnesi væri í mjög slæmu ástandi og liggja undir skemmdum. Samþykkt var að fá kostnaðaráætlun í viðgerð á honum.

5. Sambandsstjórnarfundur 2014.

Samþykkt að halda fundinn í Stykkishólmi 9.-10. maí.

6. Lífeyrisnefnd ASÍ.

Samþykkt að Stefán Sveinsson taki sæti sem aðalmaður og Svanborg Hilmarsdóttir sem varamaður.

7. RSÍ-UNG – tilnefningar í stjórn.

Svanborg greindi frá að það vantaði áhugasamt fólk til að starfa í stjórn og trúnaðarráði RSÍ-UNG. Ákveðið var að senda út póst og kynna starf RSÍ-UNG og óska efir að þeir sem hafa áhuga á að starfa í félaginu hafi samband. Jens falið að taka saman upplýsingar um nema sem komnir eru á samning og útbúa lista yfir þá sem senda á kynningarpóst, í samráði við Björn Eysteinnsson.

8. Styrktarsjóðsmál.

Lögð fram til umræðu fyrirspurn frá félagmanni sem tók þátt í verkefni VMST „Nám er vinnandi vegur“ en varð óvinnufær á því tímabili sem það stóð yfir sökum bílslyss. Niðurstaða miðstjórnar var líta verði á stöðu tiltekins félagsmanns í samræmi við stöðu annara félagsmanna sem eru í námi. Almennt gildir að þeir sem hefja nám fara út af vinnumarkaði og njóta því ekki réttinda í sjúkrasjóði þrátt fyrir að þeir geti sótt um gjaldfrelsi vegna náms. Almennt fá namar námslán hjá LÍN en í einhverjum tilfellum þegar nám er ekki lánshæft þá greiðir Atvinnuleysistryggingasjóður

tímabundna styrki. Kristjáni falið að svara fyrirspurn og skýra þessa afstöðu með þetta til hliðsjónar.

Í framhaldi af þessari umræðu var rætt um samspil sjúkrasjóða og tryggingafélaga. Ljóst er að skoða þarf það mál nánar og hugað að lagabreytingum sem koma í veg fyrir að tryggingafélögin skerði bætur vegna sjúkradagpeninga sem bótaþegi hefur fengið frá sínu stéttarfélagi.

9. Menntaráðstefna rafiðnaðarins.

Hugmynd er uppi um að halda ráðstefnu í upphafi næsta árs í samstarfi við atvinnurekendur til að ræða um stefnumótun í menntamálum rafiðnaðarmanna til framtíðar. Samþykkt að standa að þessari ráðstefnu.

10. Uppsagnir hjá ISAL.

Kristján greindi frá að uppsögn trúnaðarmanns hjá ISAL hefði verið mótmælt. Í svarbréfi frá fyrirtækinu kemur fram að það líti svo á að uppsagnarvernd trúnaðarmanna hafi ekki átt við þennan starfsmann. Málið er nú til skoðunar hjá lögfræðingi RSÍ og samþykkti miðstjórn að farið yrði með málið fyrir dómstóla.

11. Félagavefur RSÍ - Kostnaðaráætlun.

Ekki er komin endanleg kostnaðaráætlun en ljóst er að hún getur verið ca. 20-30 milj. á næstu tveim árum. Kristjáni falið að ganga til samninga um gerð þróunarsamnings þar sem fram kemur heildarkostnaður og leggja hann fram á næsta fundi miðstjórnar til að hægt sé að taka afstöðu til málsins.

12. Önnur mál.

Fyrirspurn kom um leigu á orlofshúsi í Stykkishólmi, en þar stendur til boða að leigja raðhús á einni hæð. En hús RSÍ í Stykkishólmi uppfyllir ekki kröfur um aðgengi fyrir fatlaða. Vísað til orlofsnefndar til frekari skoðunar.

Lagt fram til kynningar skjal um málshöfðun ASÍ á hendur ríkinu vegna lífeyrissjóðanna.

Jens greindi frá kynningu á vefsíðunni “bestabod.is”. Rætt var um hvort æskilegt væri að RSÍ hefði einhverja aðkomu að þeirri síðu með það fyrir augum að votta hvort meistarar sem bjóða í verk eru með löggildingu. Engin niðurstaða kom um það.

Næsti miðstjórnarfundur er áætlaður 7. nóvember kl. 14:30.

Fundi slitið kl. 16:20

Fundargerð ritaði Júlía Björk Þórðardóttir.